



Þorgerður Einarsdóttir, Gísli Gíslason og Ástrún Helga Jónsdóttir hlutu verðlaun sérnámsgrunnlækna og læknanema og standa hér með Þórði Harðarsyni. Mynd/Signý

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir



Helgi Jónsson, Björn Magnússon, Jón Þór Sverrisson, Hjörtur Oddsson og Vilhelmina Haraldsdóttir voru öll heiðruð á þinginu. Mynd/Signý



Gísli Þór Axelsson, Hildur Margrét Ægisdóttir, Rebekka Lynch og Helga Rut Steinsdóttir hlutu verðlaun úr Vísindasjóði Þórðar Harðarsonar og Árna Kristinssonar. Þórður er fremst vinstra megin. Mynd/Signý

Frá Lyflæknaþingi dagana 18.-19. nóvember 2022 í Hörpu

Heiðruð og verðlaunuð á vel heppnuðu Lyflæknaþingi

Metaðsókn var á þingið í ár. Þrír voru heiðraðir að vanda, tvö fengu sérstaka viðurkenningu og þrjú voru verðlaunuð fyrir bestu ágrípin. Skoðað verður að halda þingið árlega

„Við skoðum nú að halda Lyflæknaþing árlega en þetta þing gefur erlendum ráðstefnu ekkert eftir og er í sama gæðaflokki. Stjórnin mun koma fljótlega saman, gera upp þingið og ræða framhaldið,“ segir Signý Vala Sveinsdóttir, formaður Félags íslenskra lyflækna. „Metmæting var í ár og gestir um 250 þótt aðeins ár sé frá síðasta þingi en það er þingið sem átti að vera árinu þar áður,“ segir hún en COVID setti þar strik í reikninginn. „Stemningin nú var óvenju góð.“

Björn Magnússon, lungna- og lyflæknir, Helgi Jónsson gígatar- og lyflæknir og Jón Þór Sverrisson, hjarta- og lyflæknir, voru heiðraðir fyrir öflugt ævistarf á þinginu í ár. Samkvæmt upplýsingum félagsins starfaði Björn Magnússon lengi á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupsstað þar sem hann hélt uppi öflugum lyflækningum á landsbyggðinni við krefjandi aðstæður. Síðan hafi hann starfað og starfi

enn við lyflækningar á Selfossi. Helgi Jónsson hafi alla tíð verið afar virkur innan almennra lyflækninga, sinnt kennslu af alúð og verið góð fyrirmynd. Hann hafi auk þess sinnt miklu vísindastarfi alla starfsævi sína og útnefndur heiðursvísindamaður Landspítala 2022. Þá hafi Jón Þór Sverrisson starfað alla starfsævi sína á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, sem nú nefnist Sjúkrahús Akureyrar, byggt þar upp hjartamóttöku og átti þátt í uppbyggingu öflugrar lyflækningadeildar.

Hjörtur Oddsson, hjarta- og lyflæknir á Landspítala, og Vilhelmina Haraldsdóttir, blóð- og lyflæknir, fengu einnig sérstaka viðurkenningu fyrir mikilvægt framlag til klínískra starfa innan lyflækninga. Hann fyrir að vera harðduglegur, frábær liðsmaður og lykilmáður á hjartadeildinni. Hún fyrir að eiga stóran þátt í því að byggja upp blóðlækningar hér á Íslandi, vera harðdugleg og ósérhlífín auk þess að vera kvenkyns læknum og læknanemum mikil fyrirmynd í starfi.

Signý segir bandarísku hlaðvarparana Reza Manesh og Rabih Geha sem haldið hafi erindi um klínískra rökleiðslu og skoðun hafa dregið marga að. „Já, læknanemar og unglæknar hlusta mikið á þá auk þess sem þingið var mjög klínískt í ár sem dró fólk að.“

Hún segir vísindaágrípin í ár hafa sýnt

lyflæknum enn og aftur hversu flottar rannsóknir séu í gangi. „Þau minna okkur á að passa upp á að gert sé ráð fyrir vísindavinnu í starfi okkar lækna.“

Hildur Margrét Ægisdóttir fékk fyrstu verðlaun úr Vísindasjóði Þórðar Harðarsonar og Árna Kristinssonar, fyrir ágrípið: *Víðtæk erfðamengisleit á yfirlíði gefur til kynna mikilvægi taugakerfis*. Gísli Þór Axelsson hlaut 2. verðlaun fyrir *Lungnastarfsemi og myndfundir meðal eftirlifenda COVID-19 lungnabólgu* og Rebekka Lynch var í 3. sæti með *Tengsl ofbeldissögu kvenna við hjarta- og æðasjúkdóma: lýðgrunduð rannsókn*. Aukaverðlaun voru einnig veitt fyrir 3. sætið. Þau fékk Helga Rut Steinsdóttir lyfjafræðingur fyrir ágrípið *Ný og áframhaldandi notkun prótónupumpuhemla í kjölfar innlagnar á lyflæknaeildir Landspítala*.

Ástrún Helga Jónsdóttir læknanemi hlaut 1. verðlaun sérnámsgrunnlækna/læknanema fyrir *Blóðkalsíumhækkun í fólki með forstíg mergæxlis; niðurstöður úr Blóðskimun til bjargar*. Önnur verðlaun hlaut Gísli Gíslason, sem nú er sérnámslæknir á Barnadeildinni, fyrir ágrípið *Bráður nýrnaskaði hjá einstaklingum á meðferð með litíum á Íslandi* og 3. verðlaun fékk Þorgerður Einarsdóttir læknanemi fyrir *Lifun einstaklinga með lifrabólgu C sem nota vímu-efni í æð*.